

Profilm ehf.
Skútuvogi 1g
104 Reykjavík

Akureyri 22. júní 2018
UST201806-248/H.V.
09.06.01

Leyfi vegna kvikmyndatöku - Skógafoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Profilm f.h. BBC, dagsett 20. júní 2018, um leyfi til kvikmyndatöku við Skógafoss þann 25. júní 2018.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Í auglýsingunni kemur fram að óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins.

Lýsing verkefnis

Sótt er um leyfi til að kvikmynda með dróna fyrir framan Skógafoss eftir flugleiðum sem sýndar eru á korti frá umsækjanda. Ekki er þörf á uppsetningu nokkurs búnaðar, ekki verður farið út fyrir göngustíga eða vegi og engin efni verða notuð við myndatökuna. Sex til sjö starfsmenn munu koma að verkefninu.

Áhrifamat

Umhverfisstofnun metur miðað við ofangreinda verkefnalýsingu að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á jarðmyndunum og gróðri. Umhverfisstofnun telur hins vegar að flug dróna gæti valdið tímabundinni truflun á fuglalífi í bjarginu við fossinn. Varptími fugla er hafinn og því líklegt að flug dróna nálægt bjarginu muni hafa truflandi áhrif á varpið. Kvikmyndatakan mun einnig valda tímabundinni truflun á upplifun gesta þar sem mikill fjöldi ferðamanna er á svæðinu dag hvern.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar metur að kvikmyndatakan muni ekki hafa óásættanleg áhrif á dýralíf á svæðinu að uppfylltum skilyrðum. Drónaflug gæti haft áhrif á varp fýla í björgum við Skógafoss og varp tjalds á áreyrunum neðan við fossinn, auk þess sem drónaflug getur haft neikvæð áhrif á upplifun gesta á svæðisins. Á grundvelli þess er tekin ákvörðun um að kvikmyndatakan sé háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Skilyrði

Þar sem að Umhverfisstofnun metur að kvikmyndatakan muni ekki hafa óásættanleg áhrif á fuglalíf ásvæðinu að uppfylltum skilyrðum veitir stofnunin fyrir sitt leyti leyfi til

kvikmyndatöku með dróna við Skógafoss þann 25. júní 2018 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Bréf þetta skal haft með í för á meðan á kvikmyndatöku stendur.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með a.m.k. sólarhrings fyrirvara
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að tókum loknum. Umferð starfsfólks verkefnisins takmarkast við vegi og göngustíga.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess skal gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar skal það tekið fram að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir notkun dróna innan hins friðlýsta svæðis.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Flug dróna skal hagað þannig að flogið sé eins fjarri bjarginu eins og kostur er og **ekki skal fljúga inn í gilið** á varpsvæði fýlsins. Jafnframt skal fljúga honum í eins stuttan tíma og unnt er. Ef sýnilegt er að dróni valdi truflun á fuglalífi skal honum lent samstundis.
- Miðað skal við að dróna sé ekki flogið lægra en í 70 m. hæð yfir Skógafossi og Skógá. Ekki skal setja dróna á loft á áreyrum Skógár, en landvörður leiðbeinir um staðsetningu.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og kostur er.
- Stjórnandi/eigandi dróna ber ábyrgð á honum á svæðinu, að hann skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta drónans á svæðinu heldur finna og endurheimta alla hluta hans skyldi hann brotlenda eða bila.
- Að öðru leyti skal haga flugi dróna í samræmi við reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.
- Kynna skal fyrir starfsfólki og stjórnanda/eiganda dróna þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Starfsmenn verkefnisins skulu upplýsa gesti svæðisins um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun ef spurningar vakna þess efnis.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu leyfisumsókna skv. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir vinnslu umsóknar um leyfi til kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri


Hákon Asgeirsson
Teymisstjóri